

Alþingi
Erindi nr. P 140/1405
komudagur 5.3.2012

From: Pétur Þór Jónasson [mailto:eything@eything.is]
Sent: 5. mars 2012 14:42
To: Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Cc: 'Bergur Elías Ágústsson'
Subject: RE: Fundarboð

392. mail

Það er niðurstaða okkar að afþakka boð til Eyþings um að mæta á fundinn. Þar sem fundarboð barst seint er ljóst að aðeins ég einn gæti mætt. Þá liggur það fyrir að Eyþing kom á framfæri megináherslum í samgöngumálum á Norðurlandi eystra í bréfi til samgönguráðs, dags. 16. september 2011 (sjá viðhengi). Þær áherslur voru síðan staðfestar á aðalfundi Eyþings 8. október sl. Þessar áherslur standa því óbreyttar. Nefna má einnig að á vettvangi Eyþings hafa komið fram áhyggjur af niðurskurði á fé til viðhalds og þjónustu á vegakerfinu. Nauðsynlegt er að fram komi að við þessa forgangsröðun samgönguframkvæmda litu sveitarstjórnirnar svo á, að fyrir lægi ákvörðun um gerð Vaðlaheiðarganga og að þau yrðu fjármögnuð utan samgönguáætlunar í samræmi við lög nr. 97/2010.

Með kveðju,
Pétur Þór Jónasson
framkvæmdastjóri
Eyþing - samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum

Akureyri 16. september 2011

Innanríkisráðuneytið
Þorsteinn R. Hermannsson
Sölvhólgötu 7
150 Reykjavík

Efni: Megináherslur í samgönguáætlun fyrir Norðurland eystra.

Með bréfi innanríkisráðuneytisins frá 10. maí sl. hvatti samgönguráð landshlutasamtök sveitarfélaga til að senda inn megináherslur sínar í samgöngumálum til að ráðið geti haft þær til hliðsjónar við forgangsröðun verkefna á fjögurra og tólf ára samgönguáætlun. Þetta var síðan ítrekað í tölvubréfi 8. september. Áður hafði komið fram á samráðsfundum vegna sóknaráætlana landshluta að miða skyldi við 3 -5 meginverkefni.

Stjórn Eyþings ákvað að leita eftir sjónarmiðum sveitarfélaganna þrettán á starfssvæðinu. Ábendingar þeirra um áherslur voru síðan ræddar á fundi stjórnar 7. september og í framhaldi boðað til fundar með fulltrúum sveitarfélaganna til að tryggja samráðið og leitast við að ná sameiginlegri niðurstöðu. Sá fundur var haldinn í gær. Talsverð umræða varð um umboð stjórnar Eyþings til að skila inn tillögum að forgangsverkefnum fyrir hönd allra sveitarfélaga á svæðinu. Bent var á að taka þurfi málið til umfjöllunar kjörinna fulltrúa á aðalfundi Eyþings sem haldinn verður í byrjun október. Jafnframt kom almennt fram sú skoðun að mikilvægt væri að sveitarfélögin reyndu að ná sameiginlegri niðurstöðu um meginverkefni í þágu landshlutans.

Í framhaldi af fyrrnefndum fundi með fulltrúum sveitarfélaganna er niðurstaða stjórnar Eyþings að leggja áherslu á eftirfarandi verkefni sem telja má mikilvæg fyrir framþróun og hagsmuni landshlutans í heild:

1.-2. Iðnaðarvegur milli Húsavíkurhafnar og iðnaðarsvæðis að Bakka.

1.-2. Fluglað á Akureyrarflugvelli.

3.-5. Dettifossvegur frá Dettifossi í Ásbyrgi.

3.-5. Snjóflóðavarnir (og endurbætur) milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar.

3.-5. Ný brú á Jökulsá á Fjöllum (Hringvegur).

Rétt er að geta verkefna sem ekki eru á listanum en hefðu að sumra mati sérstaklega átt að vera þar, en það eru einkum annars vegar **ný brú á Skjálfandafljót** á vegi 85 og hins vegar nýr eða endurbyggður vegur um **Breknaheiði**.

Nokkur umræða varð einnig um hafnir og varð það niðurstaðan að horfa til vinnu Siglingastofnunar varðandi forgangsröðun þeirra framkvæmda.

Virðingarfyllst,

Pétur Þór Jónasson
framkvæmdastjóri

Fylgiskjöl:

Verkefnalýsingar vegna fjárfestingaráætlunar.

- (a) Uppbygging innviða vegna orkufreks iðnaðar.
- (b) Fluglað á Akureyrarflugvelli.
- (c) Dettifossvegur.